

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til þess að ríkissjóður geti enn um sinn tekist á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunni að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika. Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum hinn 11. september sl. hafi váttryggingafélög sagt upp ábyrgðartryggingum flugrekenda og það leitt til þess að ríkisstjórnir um heim allan hafi orðið að takast á hendur slíkar tryggingar til þess að flugrekendur næðu að uppfylla þær tryggingakröfur sem gerðar séu á hendur þeim og þannig mætti forða því að alþjóðlegar flugsamgöngur stöðvuðust. Bráðabirgðalög um slíka heimild ríkissjóðs Íslands hafi verið sett hinn 23. september sl. og lagaheimildin staðfest með lögum nr. 120/2001. Samkvæmt lögnum megi trygging sem ríkissjóður veitir ekki gilda lengur en til ársloka 2001. Á grundvelli þessarar lagaheimildar hafi ríkissjóður samið við norræna tryggingasamsteypu um að hún veiti íslenskum flugrekendum ábyrgðartryggingu, en ríkissjóður endurtryggi tryggingaráhættuna. Endurtrygging ríkissjóðs hafi, eins og sambærilegar tryggingar annarra ríkja, verið veitt til takmarkaðs tíma í einu þar sem vonir hafi verið bundnar við að váttryggjendur tækju að bjóða fullnægjandi váttryggingar á viðunandi kjörum. Til skamms tíma hafi verið talið að váttryggingamarkaðurinn myndi ekki síðar en nú um áramótin taka að bjóða nauðsynlegar ábyrgðartryggingar til viðbótar við þær takmörkuðu grunntryggingar sem þar bjóðist nú. Þetta hafi hins vegar ekki gengið eftir þar sem tryggingamarkaðurinn sé enn í nokkru uppnámi vegna atburðanna hinn 11. september sl. Önnur Evrópuríki hafi því ákveðið að framlengja enn þá váttryggingarvernd sem þau hafi veitt flugrekendum. Þótt íslenskir flugrekendur geti nú keypt á markaði hærri grunntryggingar en unnt hafi verið fyrst eftir setningu bráðabirgðalaganna í september sl. og þeim hafi einnig tekist að fá fram lækkun á þeim tryggingakröfum sem gerðar séu á hendur þeim, liggi fyrir að enn bjóðist ekki fullnægjandi markaðslausnir. Þörf sé framlengingar á heimild samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess að ríkissjóður geti enn um sinn veitt flugrekendum nauðsynlega váttryggingarvernd.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr. laga nr. 120/2001:

Í stað orðanna „ársloka 2001“ í 1. mgr. komi „15. febrúar 2002“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*